

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Úrskurður 14. september 2021

Mál nr. X-415/2019:

MVN ehf.

Grímur Sigurðsson lögmaður

gegn

Þrotabúi Neptune ehf.

Árni Pálsson lögmaður

Úrskurður

- 1 Mál þetta barst dóminum 3. desember 2019, með bréfi skiptastjóra varnaraðila, dags. 2. desember 2019, þar sem ágreiningi um afstöðu skiptastjóra til kröfu sóknaraðila var vísað til dómsins á grundvelli 120. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Málið var þingfest 13. desember 2019. Sóknaraðili er MVN ehf., kt. [...], [...], Reykjanesbæ, en varnaraðili er þrotabúi Neptune ehf., kt. [...].
- 2 Sóknaraðili krefst þess aðallega að krafa hans að fjárhæð 254.751.856 krónur auk tilgreindra vaxta, verði viðurkennd við gjaldþrotaskipti varnaraðila og að krafan njóti stöðu í réttindaröð samkvæmt 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Til vara er þess krafist að krafa hans að fjárhæð 17.012.695 krónur auk tilgreindra vaxta verði viðurkennd við gjaldþrotaskipti á þrotabúi varnaraðila, og krafan njóti stöðu í réttindaröð samkvæmt 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991.
- 3 Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar honum að skaðlausu úr hendi varnaraðila að mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.
- 4 Varnaraðili krefst þess að aðal- og varakröfum sóknaraðila verði hafnað og sóknaraðili úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar.
- 5 Lögmaður sóknaraðila krafðist þess 8. maí 2020 að þáverandi dómari í málinu viki sæti. Þeirri kröfu var hafnað með úrskurði 19. júní 2020 sem staðfestur var í Landsrétti 31. ágúst 2020. Undir rekstri málsins var dómkvaddur matsmaður að ósk sóknaraðila sem skilaði matsgerð sem lögð var fram 11. desember 2020. Aðalmeðferð fór fram í málinu þann 1. mars 2021 fyrir dómara þeim sem þá fór með málið. Vegna veikinda auðnaðist dómaranum ekki að ljúka við að leggja dóm á málið. Dómari sá sem nú fer með málið tók við því 10. júní sl., en hafði enga aðkomu að því fyrr. Var málið endurupptekið, flutt og dómtekið að nýju þann 25. ágúst sl.

I. Málsvik

- 6 Bú varnaraðila var tekið til skipta með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra 4. janúar 2019 og lögmaður varnaraðila skipaður skiptastjóri. Á meðal eigna búans var gamall togari sem breytt hafði verið í rannsóknarskipið Neptune, IMO númer [...]. Við upphaf skipta var í gildi leigusamningur um skipið til breska félagsins EGS og var það gert út frá New Bedford í Bandaríkjunum. Skömmu eftir upphaf skipta samdi skiptastjóri við Jón Ólafsson, sem hafði áður verið framkvæmdastjóri félagsins um að aðstoða við skiptin, einkum varðandi rekstur skipsins. Jóni var ljóst að skipið var veðsett Landsbankanum hf. og Slippnum ehf. fyrir um 250 til 300 milljónir.
- 7 Þann 31. janúar 2019 var haldinn óformlegur fundur veðhafa og skiptastjóra í húsnæði Landsbankans á Akureyri, þar sem rætt var hvernig hægt væri að koma eignum búans í verð. Á fundinum komu fram upplýsingar um fjárhæð veðkrafna og einnig að Landsbankinn hf. væri með veðrétt í andvirði útgefina reikninga félagsins. Fundinn sátu Magnús Magnússon, fulltrúi Landsbankans, símleiðis, Arnar Páll útibússtjóri bankans auk Magnúsar Karlssonar, starfsmanns bankans, Eiríkur S. Jóhannsson framkvæmdastjóri Slippsins ehf., skiptastjóri og Jón Ólafsson.
- 8 Í febrúar 2019 greindi Jón Ólafsson skiptastjóra frá áhuga sínum á að gera tilboð í skipið ásamt öðrum forsvarsmönnum sóknaraðila, en allir voru þeir fyrrverandi starfsmenn Neptune ehf. Fengu þeir Jóhann Ólafsson hjá Viðskiptahúsinu til aðstoðar við hugsanleg kaup á skipinu. Skiptastjóri tjáði þeim að nauðsynlegt væri að ná samkomulagi við veðhafa, einkum Landsbankann hf., til að af kaupum gæti orðið. Áttu forsvarsmenn sóknaraðila, Gunnlaugur Þór Ævarsson, fv. skipstjóri á Neptune frá 2014-2019, Hrafn Helgason fv. yfirmaður tæknimála hjá varnaraðila, og Jón Ólafsson, í beinum viðræðum við Landsbankann hf. um kaup á skipinu, sem lauk með því að skiptastjóri fékk tilkynningu frá Landsbankanum hf. með tölvupósti 19. febrúar 2019 um að bankinn myndi samþykka söluna fyrir sitt leyti. Í framhaldinu átti Jón Ólafsson símtal við skiptastjóra, þar sem fram kom að skiptastjóri myndi undirrita kautilboðið og boða til kröfuhafafundar til að kynna tilboðið. Í gögnum málsins er tölvupóstur frá 21. febrúar 2019, þar sem fram kemur að Völu Hauksdóttur, starfsmanni Viðskiptahússins, sem samdi tilboðið, var einnig ljóst að skiptastjóri myndi undirrita tilboðið með fyrirvara um samþykki kröfuhafa. Staðfesti Vala þetta í vitnaskýrslu sinni fyrir dómi. Forsvarsmenn sóknaraðila gerðu síðan formlegt kautilboð 21. febrúar 2019 f.h. óstofnaðs einkahlutafélags síns, sóknaraðila í máli þessu. Tilboðið var undirritað af skiptastjóra samdægurs. Skyldi skipið afhent og kaupverðið 400.000 Bandaríkjadalir greiddast við undirritun kaupsamnings og útgáfu afsals eigi síðar en 15. mars 2019, en afhending skyldi þó miðast við 6. janúar 2019. Í 2. gr. segir að við undirritun kaupsamnings skuli liggja fyrir heimild veðhafa þrotabúsins um sölu ásamt staðfestingu veðhafa um afléttingu veðkrafna. Skiptastjóri sendi framkvæmdastjóra Slippsins ehf. samdægurs fyrirspurn um mætingu á veðhafafund. Hins vegar dróst að halda fundinn þar sem framkvæmdastjóri Slippsins ehf. var erlendis. Þann 25. febrúar ítrekaði skiptastjóri fyrirspurn til framkvæmdastjóra Slippsins ehf. um mætingu á veðhafafund. Svaraði

framkvæmdastjórinn á þá leið að hann væri fjarverandi en yrði sennilega kominn aftur föstudaginn 1. mars.

- 9 Eftir undirritun kauptilboðsins kom í ljós 22. febrúar að skipið hafði verið flutt af íslenskri skipaskrá og skráð á Marshall eyjum, sem gerði það að verkum að vandkvæði urðu við veðsetningu fyrir helmingi kaupverðsins, sem Landsbankinn hf. hugðist lána kaupendum fyrir. Af þessari ástæðu sendi Vala Hauksdóttir skiptastjóra tölvupóst 27. febrúar, þar sem fram kom að ekki yrði unnt að staðgreiða skipið við undirritun kaupsamnings, heldur yrði helmingur kaupverðs greiddur við undirritun og helmingur fjórum mánuðum eftir afhendingu við afsalsgerð, en afhendingartími yrði í samræmi við samþykka tilboðið. Óskaði Vala eftir því að skiptastjóri sendi upplýsingar um mögulega tímasetningu fyrir kaupsamningsgerð. Viðbrögð bárust ekki við þeirri beiðni.
- 10 Sóknaraðili kveðst hafa „tekið við rekstri skipsins“ strax í kjölfar undirritunar skiptastjóra á kauptilboðið, en því hafnar varnaraðili. Sendi sóknaraðili starfsmenn sína, sem jafnframt voru fyrrverandi starfsmenn varnaraðila, til Bandaríkjanna í þeim tilgangi að manna skipið ásamt því að sinna almennu viðhaldi þess. Kveður sóknaraðili starfsmenn sína hafa tryggt haffæri skipsins og afstýrt því að það yrði skírteinislaust þann 28. febrúar 2019. Skipið hafi því getað haldið áfram að sinna leiguverkefni sem það var í á þessum tíma.
- 11 Að kvöldi 1. mars 2019 hætti skipið vinnu vegna veðurs og hélt til hafnar við New Bedford í Bandaríkjunum. Við komu til hafnar var skipið kyrrsett að beiðni kröfuhafans Dan Bunkering vegna skuldar hins gjaldþrota félags vegna olúkaupa fyrir annað skip félagsins, nánar tiltekið skipsins Poseidon, sem og vegna skipsins Ocean Spirit sem var í eigu einkahlutafélagsins IMG, sem aftur var í eigu Magnúsar Þorsteinssonar, fyrrum aðalhluthafa varnaraðila. Aðilar máls þessa segja kyrrsetninguna hafa komið sér í opna skjöldu, þó að forsvarsmenn sóknaraðila hafi allir borið fyrir dómi að skipið hafi vart siglt úr höfn á liðnum árum án þess að óuppgerðar skuldir hafi fylgt á eftir, en aðilar unnu sameiginlega að lausn málsins á tímabilinu 1. – 5. mars. Kyrrsetningunni var síðan aflétt 5. mars eftir að EGS, leigutaki skipsins, greiddi kröfuna að baki kyrrsetningunni með leigutekjum sem m.a. áttu að hluta að ganga til sóknaraðila samkvæmt kauptilboðinu. Í leigusamningi sem var í gildi á milli EGS og varnaraðila var gert ráð fyrir að leigutakinn myndi greiða allan rekstrarkostnað skipsins, með því að draga hann frá leigugreiðslunum. Í framhaldinu mun EGS, leigutaki skipsins, hafa fengið það afhent.
- 12 Greinir aðila á um framhald málsins. Kveður sóknaraðili Landsbankann hafa upplýst Jóhann Ólafsson hjá Viðskiptahúsinu símleiðis 5. mars 2019 um að bankinn hygðist „falla frá sölu á skipinu“. Í framhaldinu hafi forsvarsmenn sóknaraðila ásamt Jóhanni Ólafssyni fundað 7. mars með Magnúsi Magnússyni fulltrúa Landsbankans ehf. Á fundinum hafi fulltrúar sóknaraðila áréttað að þeir litu svo á að hið samþykka kauptilboð stæði óhaggað þrátt fyrir yfirlýsingu bankans. Í lok fundarins hafi fulltrúi bankans upplýst að samningurinn væri enn „á borðinu“ en án tryggingar til sóknaraðila vegna skulda hins gjaldþrota félags. Af þeirri ástæðu „væri varnaraðila ógerlegt að standa við

samninginn“. Varnaraðili segir aftur á móti að við kyrrsetninguna og ráðstöfun leigugreiðslna til að aflétta henni, hafi forsendur brostið fyrir tilboðinu og forsvarsmenn sóknaraðila hafi tekið upp viðræður við Landsbankann hf. á ný og lagt fram nýtt tilboð þar sem m.a. hafi verið settur sá fyrirvari að varnaraðili og Landsbankinn hf. ábyrgðust kröfur sem kynnu að falla á skipið. Varnaraðili hafi ekki getað veitt slíka ábyrgð og Landsbankinn hf. ekki reiðubúinn til þess. Í skýrslu sinni fyrir dómi sagði Magnús Magnússon að sóknaraðili hafi ekki treyst sér til að standa við kauptilboðið eins og mál höfðu þróast. Hafi sóknaraðili slitið frekari viðræðum. Nánar spurður sagði Magnús þetta afdráttarlausan skilning sinn á afstöðu sóknaraðila á fundinum. Jón Ólafsson hafi látið skiptastjóra vita um þessi málalok. Skiptastjóri hafi óskað eftir tækifæri til að reyna að ná samkomulagi og Jón fallist á að veita frest og bent skiptastjóra á að tala við Gunnlaug Ævar Gunnlaugsson, einn fyrirvarsmanna sóknaraðila. Símafundur skiptastjóra með Gunnlaugi hafi ekki skilað árangri.

- 13 Í gögnum málsins liggja ekki fyrir upplýsingar um nein samskipti aðila eftir þetta fyrr en skiptastjóra barst bréf frá lögmanni sóknaraðila 23. maí 2019, þar sem hann spurði hvort til væri fundargerð af veðhafafundi sem farið hafi fram 31. janúar 2019. Skiptastjóri upplýsti að enginn slíkur fundur hafi farið fram, heldur hafi verið um óformlegan fund að ræða þar sem rætt hafi verið um leiðir til að koma skipinu í verð. Í framhaldinu lýsti lögmaður sóknaraðila því í bréfi 29. maí 2019 að enn væri verið að afla gagna, en að forsvarsmenn sóknaraðila teldu sig enn eiga tilkall til skipsins á grundvelli kauptilboðsins frá 21. febrúar. Skiptastjóri svaraði f.h. varnaraðila 30. maí á þá leið að formlegt samþykki veðhafa fyrir sölunni hafi ekki legið fyrir þegar skipið var kyrrsett og forsvarsmönnum sóknaraðila hafi verið það ljóst. Við kyrrsetninguna hafi forsendur brostið og kaupendur tilkynnt að þeir teldu sig ekki bundna af kauptilboðinu, en hafi reynt að finna aðra lausn með starfsmönnum Landsbankans á grundvelli breytts kauptilboðs. Það hafi ekki tekist. Loks innti skiptastjóri lögmann sóknaraðila eftir því hvort sóknaraðili væri að bjóða fram efnidir af sinni hálfu. Engin svör bárust við því.
- 14 Þann 6. september 2019 lýsti nýr lögmaður sóknaraðila yfir riftun á hinu samþykktu kauptilboði frá 21. febrúar. Krafðist sóknaraðili þess að varnaraðili viðurkenndi skaðabótaskyldu sína vegna meints tjóns sóknaraðila, alls að fjárhæð kr. 254.751.856 auk áfallinna vaxta. Var kröfunni lýst sem búskröfu við skipti varnaraðila skv. 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 5. tl. 118. gr. laganna. Skiptastjóri hafnaði kröfunni. Í ljósi afstöðu skiptastjóra sendi sóknaraðili aðra kröfulýsingu þann 22. október 2019, þar sem hann krafðist greiðslna fyrir vinnuframlag forsvarsmanna sóknaraðila í þágu skipsins á tímabilinu 17. febrúar – 15. mars 2019, krafan var skilyrt um að vera til vara ef dómstólar myndu ekki fallast á réttmæti fyrri kröfu sóknaraðila. Skiptastjóri hafnaði kröfunni 2. nóvember 2019. Ekki tókst að jafna ágreining aðila og var ágreiningnum vísað til héraðsdóms.

II. Málsástæður og lagarök sóknaraðila

- 17 Sóknaraðili byggir *aðalkröfu* sína á því að varnaraðili hafi samþykkt kauptilboð sóknaraðila 21. febrúar 2019 í rannsóknarskipið Neptune. Með því hafi komist á bindandi kaupsamningur milli aðila eftir uppkvaðningu úrskurðar héraðsdóms um töku bús varnaraðila til gjaldþrotaskipta í skilningi 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991.
- 18 Varnaraðila hafi borið verið að afhenda skipið og án veðbanda, kvaða eða skulda í því ástandi sem það var ásamt tryggingu gegn hugsanlegum sjóveðum, launakröfum og öðrum skuldum sem tilheyrðu varnaraðila, sbr. 1. gr. Afhending hafi átt að fara fram við undirritun kaupsamnings og útgáfu afsals, eigi síðar en 15. mars 2019. Afhendingartími hafi þó átt að miðast við 6. janúar 2019 og kaupandi greiða kostnað og hirða tekjur af skipinu frá þeim tíma. Við kaupsamning skyldi liggja fyrir heimild veðhafa þrotabúsins til sölu ásamt staðfestingu veðhafa á afléttingu veðkrafna við afhendingu skipsins og tryggingu seljanda um skaðleysi kaupanda af kröfum er beint yrði til hans eftir afhendingu og tilheyrðu seljanda.
- 19 Kveðst sóknaraðili hafa tekið við skipinu og rekstri þess við samþykki kauptilboðsins og hafa upplýst skiptastjóra varnaraðila í kjölfarið um að sóknaraðili félli frá fyrirvörum sínum í 4. gr. kauptilboðsins. Við sama tilefni hafi sóknaraðili óskað eftir að gengið yrði frá formlegum kaupsamningi. Að mati sóknaraðila hafi hann orðið eigandi skipsins við undirritun kauptilboðsins. Skiptastjóri varnaraðila hafi í reynd staðfest það, m.a. með skriflegum hætti í tölvupósti 2. mars 2019, þar sem hann lýsi því yfir að sóknaraðili sé löglegur eigandi skipsins.
- 20 Sóknaraðili byggir á því að varnaraðili hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt kauptilboðinu í öllum aðalatriðum að undanskildu því að afhenda sóknaraðila skipið. Skiptastjóri varnaraðila hafi ekki aflað heimildar veðhafa skipsins til sölunnar og staðfestingar veðhafa á afléttingu veðkrafna við afhendingu, sbr. tölvupósta skiptastjóra 23. og 30. maí 2019. Þessi skylda hafi alfarið hvílt á skiptastjóra samkvæmt orðalagi kauptilboðsins. Þá hafi skipið ekki verið afhent án veðbanda, kvaða eða skulda og heldur ekki lögð fram trygging gegn hugsanlegum sjóveðum, launakröfum eða öðrum skuldum sem tilheyrðu varnaraðila, en skylda til þess hafi hvílt á varnaraðila. Afleiðing þessa hafi verið sú að skipið var kyrrsett í höfn í Bandaríkjunum vegna sjóðveðskrafna þriðja manns. Í framhaldinu hafi skipið verið afhent þriðja manni gegn vilja sóknaraðila.
- 21 Sóknaraðili byggir jafnframt á því að varnaraðili hafi undirritað kauptilboðið án fyrirvara um samþykki veðhafa. Hafi sóknaraðili því mátt treysta því að skiptastjóri varnaraðila hafi þá þegar búið svo um hnúta að honum væri heimilt að skuldbinda varnaraðila með þeim hætti sem greinir í hinu samþykktu kauptilboði. Tveimur dögum áður, 19. febrúar 2019, hafi Landsbankinn lýst því yfir sem langstærsti veðhafi í skipinu, að hann samþykkti sölu þess. Það hafi verið til merkis um að sala skipsins væri í sátt við veðhafa. Að öðrum kosti hefði varnaraðili átt að gera skýran fyrirvara við undirritun sína um samþykki veðhafa skipsins og áskilja sér rétt til að falla frá tilboðinu ef veðhafar settu

sig gegn því eða óskuðu eftir að ganga inn í tilboðið, eftir atvikum að undangengnum veðhafafundi samkvæmt 129. gr. laga nr. 21/1991.

- 22 Þá vísar sóknaraðili til þess að varnaraðili hafi unnið gegn sóknaraðila þegar kyrrsetningu skipsins í Bandaríkjunum var aflétt 5. mars 2019, með því að afhenda skipið þriðja aðila. Sóknaraðili hafi engar skýringar á því hvernig varnaraðila hafi tekist að koma umráðum skipsins í hendur þriðja manns, breska félagsins EGS sem nú hafi skipið á leigu. Skiptastjóra varnaraðila hafi borið að aðhafast með þeim hætti að sóknaraðili fengi umráð skipsins í samræmi við ákvæði samþykks kautilboðs og eigi síðar en 15. mars 2019.
- 23 Síðast en ekki síst felist vanefnd varnaraðila í því að hafa skorast undan því að undirrita formlegan kaupsamning og afsal eigi síðar en 15. mars 2019, sbr. 2. gr. kautilboðsins. Án afsalsins sé sóknaraðila ókleift að aðhafast gagnvart þriðja manni hvað skipið snertir.
- 24 Byggir sóknaraðili á því að vanefndirnar séu verulegar í skilningi samninga- og kröfuréttar. Riftun sóknaraðila á kaupsamningi aðila þann 6. september 2019 hafi því verið lögmæt. Í kjölfarið sé honum heimilt að krefjast efnabóta, eins og aðalkrafa hans byggir á.
- 25 Fjárkröfu sína byggir sóknaraðili á því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna glataðra tekna af leigu skipsins til breska félagsins EGS.
- 26 Fjárfrafan sé byggð á útreikningum sóknaraðila sjálfs, sem hafi verið yfirfarnir og staðfestir af Aðalsteini Sigurðssyni endurskoðanda. Tapaður hagnaður vegna tímabilsins 21. febrúar til 30. september 2019, telji 152.728.006 krónur. Áfallinn lögfræðikostnaður og annar kostnaður sóknaraðila við rekstur skipsins telji 1.543.850 krónur. Áætlaður hagnaður af leigutekjum frá 1. október 2019 til 31. desember 2022 nemi a.m.k. 100.000.000 krónum, sem sé hóflegt mat þar sem varnaraðili fái að njóta vafans um hugsanlega óvissuþætti. Samandregið sé tjón sóknaraðila a.m.k. 254.751.856 krónur m.v. þessar forsendur. Almennir vextir samkvæmt 8. gr. laga nr. 30/2001 um vexti og verðtryggingu af heildarfjárhæðinni tímabilið 21. febrúar 2019 til 6. október 2019 nemi 6.125.013 krónum. Frá þeim degi reiknist dráttarvextir skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 og nemur fjárhæð þeirra til þess dags er greinargerð var lögð fram 7.972.631 krónum.
- 27 Sóknaraðili vísar til framlagðrar matsgerðar dómkvadds matsmanns sem fór yfir forsendur og útreikninga sóknaraðila. Niðurstaða matsmanns, sem byggði að verulegu leyti á gögnum frá sóknaraðila og leigutaka skipsins, EGS, var sú að áætlað núvirt sjóðflæði rekstrarins, miðað við gefnar forsendur matsbeiðanda, væri 232-249 milljónir króna. Matsgerðin staðfesti að mati sóknaraðila réttmæti kröfunnar.
- 28 *Varakrafa* sóknaraðila byggir á því að verði aðalkröfu hans hafnað, beri að líta á vinnu eigenda sóknaraðila í þágu skipsins Neptune á tímabilinu 17. febrúar til 15. mars 2019,

sem vinnuframlag í þágu varnaraðila, sem greiða beri sóknaraðila fyrir. Sóknaraðili hafi lýst skilyrtri kröfu í bú varnaraðila í þessu skyni.

- 29 Grundvöll varakröfu byggir sóknaraðili á því að við upphaf skipta á þrotabúi varnaraðila í janúar 2019 hafi skiptastjóri varnaraðila óskað formlega eftir aðstoð Jóns Ólafssonar, eins eiganda sóknaraðila, við rekstur rannsóknarskipsins Neptune en Jón hafi verið starfsmaður varnaraðila og þekkt hvern krók og kima í rekstri félagsins. Frá 10. janúar til 16. febrúar 2019 hafi Jón unnið að ýmsum verkefnum í þágu þrotabúsins sem við komu skipinu. Skiptastjóri hafi þegar samþykkt kröfu hans vegna þeirrar vinnu.
- 30 Kröfulýsing vegna varakröfu sóknaraðila afmarkast við tímabilið 17. febrúar til 15. mars 2019 vegna vinnu allra þriggja eigenda sóknaraðila. Jón hafi undirbúið fund þann 17. febrúar sem haldinn var tveimur dögum síðar í Landsbankanum. Tilgangur fundarins hafi verið að ræða við veðhafana Landsbankann hf. og Slippinn ehf. um fyrirhugaða sölu skipsins til sóknaraðila og þau verkefni sem þurfti að leysa til að halda skipinu sjófæru. Vinna Gunnlaugs og Hrafns í þágu skipsins hafi hafist með setu á fundinum.
- 31 Á fundinum hafi tekist samkomulag milli þremmenninganna og Landsbankans hf. þess efnis að þremmenningarnir tækju við skipinu og starfræktu það sem sitt eigið til að bjarga haffærnisáhrifum frá falli og þannig varna því að skipið yrði stöðvað án skírteina í Bandaríkjunum. Í kjölfarið hafi kauptilboð um skipið verið samþykkt. Hafnar sóknaraðili staðhæfingu skiptastjóra varnaraðila um að vinna á vegum sóknaraðila hafi ekki verið unnin með vitund eða vilja hans.
- 32 Vísar sóknaraðili til tímaskýrslna sem beri með sér að starfsmennirnir hafi unnið sleitulaust næstu daga og vikur að því að leysa margvísleg vandamál sem upp komu í sambandi við skipið og rekstur þess, hvort heldur í tengslum við framlengingu skírteina sem voru í þann mund að renna út, fundahöld með leigutaka skipsins (EGS) um skipulag, framkvæmdaleg atriði líkt og uppsetningu tölvupóstskerfis, skráningarmál skipsins sem voru í ólestri, mönnun skipsins, viðgerðir á bilaðri ljósavél, samskipti vegna kyrrsetningar skipsins í Bandaríkjunum. Samandregið hafi vinnan öll falist í að halda skipinu á floti, afla tilskilinna leyfa, vottorða og skírteina, koma því í vinnu og um leið forða verðmætaryrnun í þágu eiganda skipsins. Þessari vinnu hafi verið lokið þann 15. mars 2019, en skipið hafi þá verið sjófært og kyrrsetningu aflétt. Á því tímamarki hafi starfsmenn sóknaraðila óttast að varnaraðili myndi ekki efna samkomulagið frá 21. febrúar 2019 og hafi ekki verið reiðubúnir að inna frekara vinnuframlag af hendi í þágu varnaraðila undir þeim kringumstæðum.
- 33 Kveður sóknaraðili engan vafa leika á að skiptastjóri varnaraðila hafi formlega óskað eftir vinnuframlagi Gunnlaugs, Hrafns og Jóns sem starfsmanna sóknaraðila í verktöku. Umfang vinnunnar hafi verið mikið, en skiptastjóri hafi aldrei gert athugasemd við vinnuna sem slíka. Hann hafi á öllum stigum verið upplýstur um hana enda hafi bæði verið haldnir fundir ásamt því að allir hlutaðeigandi hafi verið þátttakendur í fjölda tölvupóstamskipta um verkið. Síðari skýringar skiptastjóra þess efnis að starfsmenn

sóknaraðila hafi sinnt málefnum skipsins Neptune án vitneskju skiptastjóra eigi sér ekki stöð í gögnum málsins. Sóknaraðili byggir á því að með beiðni skiptastjóra varnaraðila um aðkomu Gunnlaugs, Hrafns og Jóns að rekstri skipsins Neptune hafi komist á samningur milli varnar- og sóknaraðila eftir uppkvaðningu úrskurðar héraðsdóms um töku búsin til gjaldþrotaskipta í skilningi 3. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991.

- 34 Jafnframt bendir sóknaraðili á að varnaraðili hafi í framkvæmd endurtekið viðurkennt að sóknaraðili hafi farið með málefni skipsins á þessum tíma. Hafi það verið gert í tölvupósti 26. febrúar 2019 til Jóns Ólafssonar, þar sem segi að Jón og Steve Jackson hafi haft umsjón með skipinu í umboði skiptastjóra. Í tölvupósti skiptastjóra 7. mars 2019 hafi sóknaraðila verið gefið ótakmarkað umboð til að ræða öll málefni tengd skipinu Neptune. Síðast en ekki síst hafi skiptastjóri staðfest með tölvupósti 2. mars 2019 til Jóns Ólafssonar að þrotabúið hafi selt skipið til „núverandi eiganda MVN ehf.“ þann 4. janúar 2019 og að frá þeim degi væri félagið löglegur eigandi skipsins.
- 35 Hafni dómurinn því að skiptastjóri hafi óskað eftir vinnu starfsmanna sóknaraðila byggir sóknaraðili kröfu sína á sjónarmiðum um óbeðinn erindisrekstur. Athafnir sóknaraðila hafi verið beinlínis nauðsynlegar varnaraðila til að forða tjóni. Öll skilyrði óbeðins erindisrekstrar séu uppfyllt. Háttsemi erindrekans hafi verið nauðsynleg til að afstýra tjóni, varnaraðili hafi ekki getað gætt þeirra sjálfur og háttsemin hafi ekki gengið lengra en nauðsyn krafði til þess að koma í veg fyrir tjón varnaraðila. Varnaraðila beri sem eigandi hagsmunanna að halda sóknaraðila sem erindreka skaðlausum af þeim útgjöldum sem hann hafi orðið fyrir við erindisreksturinn. Í því sambandi sé bent á að kostnaðurinn af erindisrekstrinum sé mun minni en hagsmunirnir sem bjargað var.
- 36 Að síðustu byggir sóknaraðili á sjónarmiðum um óréttmæta auðgun. Starfsmenn sóknaraðila hafi unnið verkefni í þágu skipsins Neptune sem varnaraðili hefði ella sjálfur þurft að leysa af hendi. Hann hefði væntanlega þurft að leita aðstoðar fagfólks á borð við starfsmenn sóknaraðila til þess. Kostnaður hefði fallið á þrotabúið, sama hvor leiðin hefði verið farin.
- 37 Varakröfu sína sundurliðar sóknaraðili með eftirfarandi hætti:

| | | |
|-------------------------------------|------------|----------------|
| Höfuðstóll | kr. | 16.669.196 |
| <u>Vinna við gerð kröfulýsingar</u> | <u>kr.</u> | <u>343.499</u> |
| Samtals | kr. | 17.012.695 |

- 38 Höfuðstóllinn byggist á samanlögðum vinnustundum þremminganna, alls 751 klukkustund sem margfölduð er með tímagjaldinu 17.900 krónur auk virðisaukaskatts. Tímagjaldið miðist við tímagjald verkfræðinga og tæknimanna í iðnaði með sérþekkingu. Vinnan hafi að mestu verið unnin í yfirvinnu, en tímagjaldið miðist við meðalgjald dag- og yfirvinnu. Byggir varnaraðili á því að uppsett gjald sé sanngjarnt, þar til varnaraðili sýni fram á annað, sbr. til hliðsjónar 45. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

- 39 Sóknaraðili vísar til þess að matsmaður lýsti því álitinu sínu í matsgerð að tölulegar upplýsingar sem varakrafan byggir á séu hæfilegar og hann telji þær vinnustundir sem upp eru gefnar hafa verið í þágu rekstrar skipsins.
- 40 Dráttarvaxtakröfu byggir sóknaraðili á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Dráttarvaxta sé krafist frá þeim degi sem starfsmenn sóknaraðila hafi lokið störfum fyrir varnaraðila. Fjárhæð dráttarvaxta tímabilið 15. mars 2019 til 15. janúar 2020, þegar greinargerð var lögð fram, nemi 1.638.181 krónu.

III. Málsástæður og lagarök varnaraðila

- 41 Varnaraðili hafnar aðalkröfu sóknaraðila á þeim grundvelli að kauptilboð sóknaraðila 21. febrúar 2019 hafi verið samþykkt með fyrirvara um samþykki veðhafans Slippsins ehf. Öllum sem að samningaviðræðunum komu hafi verið ljóst að söluverð skipsins samkvæmt tilboðinu nægði ekki til að Slippurinn ehf. fengi fullnustu á kröfu sinni. Samkvæmt 129. gr. laga nr. 21/1991 verði eign, þegar svona háttar til, ekki ráðstafað nema að undangengnum veðhafafundi. Um þetta hafi fulltrúum sóknaraðila verið kunnugt, sbr. tölvuskeyti Jóns Ólafssonar 19. febrúar 2019, en þar segi að það sé ekkert annað fyrir skiptastjóra að gera en að samþykkja tilboðið og boða til kröfuhafafundar til að kynna tilboðið. Um þennan fyrirvara hafi Völu Hauksdóttur hjá Viðskiptahúsinu einnig verið kunnugt sbr. tölvupóstsamskipti hennar við skiptastjóra 21. og 22. febrúar 2019 varðandi fyrirvara um samþykki kröfuhafa. Þessi fyrirvari hafi verið tekinn upp í 2. gr. kauptilboðsins þar sem segi að við kaupsamning skuli liggja fyrir „heimild veðhafa þrotabúsins um sölu ásamt staðfestingu veðhafa á afléttingu veðkrafna“. Í samræmi við þennan fyrirvara hafi framkvæmdastjóra Slippsins ehf. verið sent tilboðið sama dag og það var undirritað og kannað hvort að hann gæti mætt á veðhafafund með skömmum fyrirvara, en reynt hafi verið að hraða því að halda veðhafafundinn eins og kostur var vegna beiðni Jóns Ólafssonar. Gert hafi verið ráð fyrir að kaupsamningur yrði undirritaður 15. mars og skipið afhent þann dag sbr. 2. grein kauptilboðsins. Varnaraðili hafi því haft þann tíma til að halda veðhafafundinn og fá fram afstöðu Slippsins ehf. fyrir sölu skipsins. Tilboð sóknaraðila hafi því verið samþykkt með fyrirvara um samþykki veðhafa, en ekki hafi tekist að koma á veðhafafundi áður en skipið var kyrrsett í Bandaríkjunum 1. mars 2019.
- 42 Varnaraðili hafnar því að tölvupóstur, sem skiptastjóri sendi Jóni Ólafssyni 2. mars 2019, feli í sér staðfestingu á að komist hafi á fyrirvaralaus kaupsamningur um skipið. Þegar þessi tölvupóstur var sendur hafi verið í gildi samningur á milli aðila með fyrirvara um samþykki veðhafa. Þá hafi ekki slitnað upp úr viðræðum á milli Landsbankans hf. og sóknaraðila fyrr en síðar. Það sé því ekki hægt að líta svo á að í þessum tölvupósti felist fyrirvaralaus viðurkenning skiptastjóra á að það hafi komist á kaupsamningur um skipið. Kauptilboðið sem undirritað var 21. febrúar 2019 hafi verið með fyrirvara, sbr. 2. gr.,

sem Jóni Ólafssyni og þeim sem aðstoðuðu sóknaraðila í viðskiptunum hafi verið kunnugt um.

- 43 Skipið hafi verið leigt af EGS er það var kyrrsett í Bandaríkjunum 1. mars 2019. Kyrrsetningunni hafi verið aflétt með því að ógreiddar leigutekjur voru nýttar til að greiða kröfur að baki kyrrsetningunni. Í kautilboði sóknaraðila sé ákvæði sem segi að sóknaraðili hafi átt að fá í sinn hlut leigutekjur af skipinu frá 6. janúar 2019. Leigutaki skipsins hafi nýtt megnið af ógreiddum leigugreiðslum til að leysa skipið úr kyrrsetningu. Forsendur sem kautilboðið byggði á hafi brostið að verulegu leyti. Fyrirsvarmenn sóknaraðila hafi fundað með Landsbankanum hf., en hafi áður sent nýtt tilboð í skipið þann 5. mars 2019. Landsbankinn hf. hafi hafnað þessu tilboði vegna kröfu sóknaraðila um að bankinn ábyrgðist hugsanlegar kröfur sem bærust í skipið. Það hafi verið ljóst að varnaraðili gat ekki veitt neinar ábyrgðir. Sóknaraðili hafi rætt leiðir við Landsbankann hf. til að reyna að ná samningi um sölu á skipinu. Í bréfi Landsbankans hf. til skiptastjóra, komi fram að varnaraðili hafi tekið þá ákvörðun að „segja sig frá málinu“. Skiptastjóra hafi verið tilkynnt af Landsbankanum hf. að það hefði slitnað upp úr viðræðunum. Jón Ólafsson hafi einnig tilkynnt skiptastjóra um þessi málalok. Að beiðni skiptastjóra hafi Jón fallist á að veita frest til að freista þess að ná samningi. Skiptastjóri hafi átt símafund með Gunnlaugi Ævari Gunnlaugssyni og reynt að koma á samkomulagi um kaup sóknaraðila á skipinu, en það hafi ekki tekist. Af hálfu varnaraðila hafi enginn vafi verið eftir símafundinn með Gunnlaugi Ævari um að sóknaraðili hefði fallið frá upphaflega tilboði sínu. Það sé augljóst að fyrirsvarmenn sóknaraðila voru sömu skoðunar sbr. tölvuskeyti dags. 12. mars 2019, þar sem sóknaraðili hafi lýst því yfir að varnaraðili væri eigandi skipsins og það væri sóknaraðila óviðkomandi. Skiptastjóri hafi engar tilkynningar eða kröfur fengið frá sóknaraðila um að standa við upphaflega tilboðið. Skiptastjóri hafi þó fengið fyrirspurn frá þáverandi lögmanni sóknaraðila síðari hluta maí 2019. Skiptastjóri hafi skýrt afstöðu sína og þeim samskiptum lokið með því að könnuð var afstaða sóknaraðila hvort þeir væru að bjóða fram efndir á tilboði sínu frá 21. febrúar. Ekkert svar hafi borist.
- 44 Með því að gera nýtt tilboð í skipið 5. mars 2019 verði að líta svo á að þá hafi hið fyrra fallið úr gildi í samræmi við almennar reglur og það hafi verið ótvíræður skilningur Landsbankans hf.
- 45 Málið liggur þannig fyrir að sóknaraðili telur að kaupsamningur hafi komist á 21. febrúar 2019. Hafi sóknaraðili litið svo á að kaupsamningur hafi komist á 21. febrúar 2019 hafi honum borið að bjóða fram efndir af sinni hálfu á kautilboðinu, eða að minnsta kosti láta í ljós þá skoðun sína við skiptastjóra að hann teldi fyrra tilboð sitt bindandi og krefjast efnda. Vissulega hafi komið fyrirspurn frá sóknaraðila í lok maí en þegar spurt var hvort sóknaraðili væri að bjóða fram efndir hafi ekki verið svarað og því eðlilegt að áfram væri litið svo á að sóknaraðili teldi sig ekki bundinn af tilboði sínu frá 21. febrúar.
- 46 Varnaraðili byggir á því að þó að talið verði að varnaraðili beri skaðabótaábyrgð gagnvart sóknaraðila þá sé ljóst að sóknaraðili hafi ekki gert líklegt að hann hafi orðið fyrir tjóni.

Fjárfrafa sóknaraðila sé í fyrsta lagi miðuð við áætlaðar leigutekjur skipsins frá 21. febrúar 2019 til 30. september sama ár. Frá tekjum sé dreginn áætlaður kostnaður. Varnaraðili hafi lagt fram sundurliðun á tekjum og gjöldum samkvæmt leigusamningi við EGS sem sýni að á gildistíma sammingsins hafi orðið tap á rekstri skipsins. Meginskýringin sé sú að ástand skipsins hafi verið þannig við lok fyrri leigusamningsins að það hafi ekki verið hætt og þurft hafi að ráðast í mjög umfangsmiklar endurbætur á því. Skipið hafi verið kyrrsett vegna þessa þar til í júní 2019. Sóknaraðili hafi engin gögn lagt fram sem geri framangreint tjón líklegt. Þessi liður kröfunnar sé algerlega vanreifður. Krafa í heild sé áætlun sóknaraðila sjálfs, sem miði við forsendur sem standist engan veginn eins og framlögð gögn sýni fram á. Matsgerð dómkvaddis matsmanns sé þeim annmörkum háð að byggja fyrst og fremst á forsendum sóknaraðila, sem geri ráð fyrir þeirri óraunhæfu forsendu að rekstur skipsins gangi áfallalaust fyrir sig, en það sé ekki í samræmi við forsöguna.

- 47 Sóknaraðili hafi kosið að falla frá tilboði sínu og því sé lögmannskostnaður sóknaraðila tilefnislaus og varnaraðila óviðkomandi. Krafa um greiðslu 500 þúsund króna kostnaðar vegna ferðalaga, hýsingar á tölvupósti, vefsíðu o.fl. sé algjörlega vanreifuð og óútskýrt hvers vegna varnaraðili ætti að greiða þennan kostnað.
- 48 Krafa um tapaðar nettótekjur á útgerð skipsins frá október 2019 út árið 2022, sé alfarið byggð á áætlun og forsendum sóknaraðila og því sé ekki með nokkru móti hægt að fallast á hana. Krafa sé vanreifuð. Niðurstaða matsmanns fái því ekki breytt.
- 49 Krafa sóknaraðila í heild byggi á áætlun kröfuhafans sjálfs. Um kröfur á hendur þrotabúi gildi sömu reglur og um kröfur í einkamálum. Það sé ljóst að kröfugerðin eins og hún er úr garði gerð sé vanreifuð og byggir á áætlunum sem eiga ekki við í málinu. Það beri því að hafna aðalkröfunni.
- 50 Varnaraðili hafnar *varakröfu* sóknaraðila með þeim rökum að þegar kauptilboðið var undirritað 21. febrúar 2019 hafi verið í gildi leigusamningur við EGS sem gert var ráð fyrir að lyki um miðjan mars. Samkvæmt leigusamningnum hafi leigutakinn tekið að sér að greiða allan kostnað við rekstur skipsins. Þá hafi skiptastjóri fengið Jón Ólafsson til að aðstoða sig við málefni sem vörðuðu rekstur skipsins. Jón hafi einnig verið í svokölluðu „vessel management“ teymi fyrir skipið út leigutíma þess eins og sjáist á yfirliti frá EGS yfir launagreiðslur, dags. 14. mars 2019. Því hafi engin þörf verið á að varnaraðili réði fyrirvarsmenn sóknaraðila til að sjá um rekstur skipsins eða yfir höfuð hafa afskipti af rekstrinum. Þar að auki hafi varnaraðili ekki haft neina fjármuni til slíkra ráðninga.
- 51 Þá byggi krafa varnaraðila á þeirri röngu forsendu að skipið hafi verið afhent 21. febrúar 2019 um leið og tilboðið var undirritað. Það standist ekki, enda sé mjög skýrt í kauptilboðinu að það átti að afhenda skipið við undirritun kaupsamnings, sem hafi verið fyrirhuguð 15. mars í síðasta lagi. Skipið hafi því ekki verið afhent við undirritun kauptilboðsins. Það segi í kauptilboðinu að afhendingartími skuli miðaður við 6. janúar

2019 að því er varði tekjur og gjöld af skipinu. Þetta hafi snúist um að Landsbankinn hf. hafi gefið eftir veðrétt sinn í vöruheikningum, þ.e. leigutekjunum, og samþykkti að í hlut sóknaraðila kæmu rekstrartekjur- og gjöld frá 6. janúar 2019. Í því hafi falist frávík frá almennum reglum um skiptingu gjalda og tekna af söluhlut sem almennt miðast við afhendingu. Þessi texti segi ekkert til um afhendinguna á skipinu. Það segi hins vegar skýrt í kautilboðinu að skipið átti að afhenda 15. mars 2019 um leið og kaupverðið yrði greitt. Það sé með nokkrum ólíkindum að byggja á því að skipið hafi verið afhent sóknaraðilum áður en þeir greiddu nokkuð af kaupverðinu. Óútskýrt sé hvernig viðmiðið við 21. febrúar er fundið út.

- 52 Varnaraðili hafnar staðhæfingu sóknaraðila um að skiptastjóri hafi formlega óskað eftir vinnuframlagi fyrirvarmana sóknaraðila. Skiptastjóri hafi engin samskipti haft við Gunnlaug eða Hrafn og því sé fjarstæða að hann hafi óskað eftir vinnuframlagi þeirra varðandi skipið. Skipið hafi verið í leigu þannig að það hafi engin þörf verið á að varnaraðili réði menn í vinnu við að annast skipið.
- 53 Tölvupóstur skiptastjóra, sem sendir voru eftir að kautilboðið var undirritað hafi fyrst og fremst verið sendir til að staðfesta heimildir Jóns Ólafssonar til að koma fram í málum sem vörðuðu skipið. Samstarf skiptastjóra og Jóns Ólafssonar hafi verið mjög mikið og gott. Á þessum tíma hafi Jón Ólafsson verið í svokölluðu „vessel management“ teymi fyrir skipið. Hvergi sé minnst á Gunnlaug eða Hrafn í þessum tölvupóstum, en skiptastjóri hafi engin samskipti átt við þessa menn, utan þess að eiga fyrrnefndan símafund við Gunnlaug til að reyna að koma á samningi um sölu á skipinu til sóknaraðila. Varnaraðili hafni því með öllu skiptastjóri hafi ráðið þessa menn í vinnu enda blasi við að varnaraðili hafi enga hagsmuni haft af slíkri vinnu. Skipið hafi átt að afhenda í því ástandi sem það var í. Jón Ólafsson hafi skipulagt áætlun um að sigla skipinu til Íslands til að forða því að það yrði kyrrsett í Bandaríkjunum vegna þess að það átti að missa haffæri í lok febrúar 2019. Jón Ólafsson hafi því vitað vel hvert ástand skipsins var. Gögn liggi frammi í málinu um ástand skipsins. Hinu sama gegni um tekjurnar af rekstri skipsins. Þær hafi átt að ganga til sóknaraðila samkvæmt tilboðinu. Af þessu sé mjög skýrt að skiptastjóri hafi engan samning gert við fyrirvarmenn sóknaraðila um að þeir ynnu við skipið.
- 54 Varnaraðili mótmæli því að greiðsluskylda varnaraðila geti byggst á reglum um óbeðinn erindisrekstur eða reglum um ólögmdæta auðgun. Samkvæmt kautilboðinu hafi átt að afhenda skipið í því ástandi sem það var í og fyrirvarmenn sóknaraðila hafi vitað hvert ástand skipsins var. Jón Ólafsson hafi undirbúið siglingu þessi til Íslands til að forðast kyrrsetningu vegna ástands þess, eins og áður sagði. Varnaraðili hafi ekki haft hagsmuni af því að fyrirvarmenn sóknaraðila hafi hugsanlega verið að vinna í því að skipið héldi haffæri eftir 15. mars 2019. Því til viðbótar hafi leigutaki skipsins haft heimild til að gera þær ráðstafanir sem voru nauðsynlegar til að halda skipinu í rekstri út leigutímann.
- 55 Loks byggi varakrafan á einhliða tímaskráningu fyrirvarmanna sóknaraðila, en því fari fjarri að hún geti orðið grundvöllur að kröfu á hendur varnaraðila. Á því tímabili sem

krafan taki til hafi Jón Ólafsson fengið greitt fyrir „vessel management“ af leigutekjum skipsins, eins og fram komi í yfirliti frá EGS þann 14. mars 2019.

IV. Forsendur og niðurstaða

56 Í máli þessu er deilt um hvort kautilboð sóknaraðila í skipið Neptune 21. febrúar 2019 hafi orðið að bindandi kaupsamningi á milli aðila. Fyrir liggur að Landsbankinn hf. hafði samþykkt skilmála tilboðsins fyrir sitt leyti sem veðhafi. Jafnframt er óumdeilt að skiptastjóri varnaraðila samþykkti tilboðið fyrir hönd bússins er hann ritaði undir það samdægurs. Aðila greinir hins vegar á um hvort samþykki tilboðsins hafi verið með fyrirvara af hálfu skiptastjóra. Sóknaraðili telur samþykki skiptastjóra hafa verið fyrirvaralaust, en varnaraðili vísar til 2. gr. kautilboðsins þar sem segir m.a. “Við kaupsamning skal liggja fyrir heimild veðhafa þrotabússins um sölu ásamt staðfestingu veðhafa á afléttingu veðkrafna við afhendingu ...” Sóknaraðili byggir á því að ákvæðið mæli fyrir um efnaskyldu varnaraðila, sem feli í sér að hann hafi ábyrgst án fyrirvara að samþykki veðhafa myndi liggja fyrir. Þessu til frekari stuðnings vísar sóknaraðili til þess að hann hafi „tekið við skipinu og rekstri þess“ við samþykki kautilboðsins. Að mati sóknaraðila hafi hann orðið eigandi skipsins við undirritun kautilboðsins og farið með það sem sitt eigið. Skiptastjóri varnaraðila hafi í reynd staðfest það í tölvupósti 2. mars 2019, þar sem segi m.a. “*The estate sold the vessel mv IMO [...] to the current owners MVN ehf ([...]) on 04.01.2019 and from that date, they are the legal owners.*” Dómurinn fellst ekki á að umræddur tölvupóstur jafngildi afsalsyfirlýsingu skiptastjóra til sóknaraðila. Fyrir liggur að pósturinn var ritaður að beiðni sóknaraðila í því skyni að freista þess að aflétta kyrrsetningu vegna eldri skulda af skipinu. Yfirlýsingin var rituð á ensku og gagnert beint til þeirra aðila er stóðu að kyrrsetningunni. Verður ekki litið svo á að yfirlýsingunni hafi verið ætlað að hafa þýðingu í þeim lögskiptum aðila sem deilt er um í máli þessu. Eftir sem áður var sóknaraðili meðvitaður um að samþykki veðhafa lá ekki fyrir og kaupsamningur hafði ekki verið gerður. Sú röksemd sóknaraðila, að hann hafi tekið við skipinu og farið með það sem sitt eigið þegar eftir undirritun kautilboðsins hefur heldur ekki sjálfstæða þýðingu í málinu við túlkun 2. gr. tilboðsins. Samkvæmt kautilboðinu skyldi afhending fara fram við undirritun kaupsamnings. Engin gögn liggja fyrir um að samið hafi verið um annan afhendingartíma eða að varnaraðili hafi nokkurn tímann afhent sóknaraðila skipið í skilningi laga. Forsvarsmenn sóknaraðila höfðu allir starfað við skipið um árabil þegar kautilboðið var gert. Jón Ólafsson, einn forsvarsmanna sóknaraðila, annaðist rekstur skipsins fyrir hönd varnaraðila að beiðni skiptastjóra. Hann hafði umráð yfir skipinu í því hlutverki. Í tölvupósti Jóns Ólafssonar 6. mars 2019, segir „Við kynntum okkur formlega sem *væntir* nýir eigendur mv. Neptune“. Ber þetta ekki með sér annað en það að sóknaraðili hafi haft væntingar á þessum tíma, eins og aðrir samningsaðilar, um að kaupin myndu ganga eftir, þó að þeim hafi verið ljóst að kaupin voru ekki frágengin.

- 57 Varnaraðili byggir á því að ákvæði 2. gr. endurspegli fyrirvara skiptastjóra um samþykki veðhafa samkvæmt 129. gr. laga nr. 21/1991. Að sönnu hefði skiptastjóra verið rétt að kveða skýrar á um fyrirvara þennan við undirritun sína á skjalið. Hins vegar verður að telja skilning sóknaraðila á ákvæði 2. gr. órökréttan, enda getur skiptastjóri ekki þvingað veðhafa til að heimila sölu. Skilningur varnaraðila samræmist afdráttarlausum skyldum skiptastjóra samkvæmt 129. gr. laganna. Samkvæmt framburði Völu Hauksdóttur, fasteigna- og skipasala, sem samdi kauptilboðið fyrir hönd sóknaraðila, lék enginn vafi á því að ákvæðið var hugsað sem fyrirvari um samþykki kröfuhafa í skilningi framangreinds ákvæðis laganna. Í samræmi við þetta sendi Vala skiptastjóra tilboðið til undirritunar með fyrirvara um samþykki kröfuhafa, sbr. tölvuskeyti 21. febrúar 2021. Staðfesti Vala enn fremur að forsvarsmönnum kaupanda hafi verið þetta kunnugt. Tölvupóstur Jóns Ólafssonar frá 19. febrúar 2019, þar sem hann segir að það sé ekkert annað fyrir skiptastjóra að gera „en að samþykkja tilboðið og boða til kröfuhafafundar“ er einnig til marks um að Jóni var þessi fyrirvari ljós áður en sóknaraðili gerði tilboðið, þrátt fyrir að hann hafi haldið öðru fram fyrir dómi. Tölvupóstur Jóns frá 26. febrúar 2019, þar sem hann ritar skiptastjóra „Hefurðu eitthvað náð í Eirík út af kauptilboðinu í Neptune ... verður hann með vesen?“ samræmist einnig málatilbúnaði varnaraðila um að sóknaraðila hafi verið fullkunnugt um að samþykki skiptastjóra væri með fyrirvara um formlegt samþykki veðhafa. Samkvæmt framansögðu fellst dómurinn á málatilbúnað varnaraðila að þessu leyti.
- 58 Fyrir liggur að skiptastjóri varnaraðila reyndi þegar eftir undirritun kauptilboðs að fá framkvæmdastjóra Slippsins ehf. til fundar í því skyni að fá samþykki fyrir sölunni. Fylgdi skiptastjóri þessu erindi eftir, en tafir urðu á fundinum vegna utanfarar framkvæmdastjórans. Fór svo að samþykki Slippsins ehf. lá ekki fyrir þegar skipið var kyrrsett í Bandaríkjunum 1. mars 2019 fyrir skuldum vegna olúkaupa.
- 59 Við kyrrsetninguna fóru viðskiptin í uppnám eins og rakið er að framan, en kyrrsetningin hafði í för með sér að leigugreiðslur frá EGS sem áttu að renna til sóknaraðila samkvæmt kauptilboðinu voru ekki lengur til reiðu. Jón Ólafsson sendi tölvubréf 6. mars 2019 þar sem segir m.a. að forsvarsmenn sóknaraðila hafi fengið upplýsingar um það frá Jóhanni Ólafssyni í Viðskiptahúsinu að Landsbankinn hafi tilkynnt skiptastjóra að bankinn ætli sér að falla frá sölu á skipinu. Lýsti Jón því yfir að þeir myndu væntanlega skoða hver réttur þeirra væri í málinu. Einnig kom fram að staðan væri einfaldlega sú að „MVN fer ekki lengur með management á skipinu“ og gæti ekki borið ábyrgð á neinu sem viðkemur haffærisskírteinum eða öðru tengdu rekstri skipsins. Sóknaraðili fundaði daginn eftir með Landsbankanum. Magnús Magnússon starfsmaður Landsbankans hf., lýsti því afdráttarlaust fyrir dómi að forsvarsmenn sóknaraðila hafi slitið viðræðum um kaupin eftir að hugmyndum þeirra að lausn var hafnað af Landsbankanum á fundinum. Fullyrti Magnús að forsvarsmenn sóknaraðila hafi litið svo á að þeir væru ekki skuldbundnir af upphaflegu tilboði. Fulltrúi þeirra hafi skilað inn nýju tilboði 5. mars 2019. Sóknaraðilar staðhæfa aftur á móti að Landsbankinn hf. hafi fallið frá sölu á skipinu. Jóhann Ólafsson, ráðgjafi sóknaraðila hjá Viðskiptahúsinu, bar fyrir dómi að hann hafi upplifað fundinn á

þann veg að Magnús hafi ráðlagt sóknaraðilum að falla frá kaupunum, eins og málum var komið eftir kyrrsetninguna. Kvaðst Jóhann hafa verið sammála Magnúsi á þessum tíma um að skynsamlegast í stöðunni fyrir sóknaraðila væri að falla frá kaupunum. Sóknaraðili hafi hins vegar viljað halda sig við kaupin. Leit Jóhann svo á að Landsbankinn hafi dregið sig út úr kaupunum. Í tölvupósti Jóhanns Ólafssonar til skiptastjóra og Landsbankans 5. mars 2019 biður hann viðtakendur um að skoða „neðangreint tilboð frá kaupendum“ sem var að finna í framsendum pósti. Í póstinum voru hugmyndir forsvarsmanna sóknaraðila, sem þeir kölluðu „tillögur að lausn“. Af orðalaginu verður ekki annað ráðið en að sóknaraðili hafi talið forsendur fyrir upphaflegu tilboði brostnar, en í póstinum segir m.a. að samþykkt kautilboð sóknaraðila hafi átt að veita félaginu skjól frá mögulegum sjóveðum, launakröfum „eða annarra eldri synda fyrri eiganda en þetta brást mjög fljótt með kyrrsetningu í USA.“ Er jafnframt lýst vanmætti varnaraðila gagnvart kyrrsetningunni. Kostnaður vegna kyrrsetningarinnar er rakinn og loks kynnt sú tillaga að kaupverð lækki úr 400.000 USD í 77.367 USD greiðslu til þrotabús „sem þarf að gefa MVN ehf. skjól fyrir öllum öðrum kröfum sem kunna að koma, getur Skiptastjóri og LÍ gefið okkur það skjól fyrir þennan penning?“ Kemur þessi texti heim og saman við þann skilning sem Magnús lýsti fyrir dómi, að kaupendur hafi verið uggandi og ekki treyst sér til að standa við kautilboðið án þess að til kæmi ábyrgð varnaraðila og Landsbankans gagnvart hugsanlegum eldri skuldum sem kynnu að koma í ljós. Landsbankinn hafi ekki getað fallist á að takast á hendur slíkar skuldbindingar og varnaraðili hafi ekki verið fær um það. Í þessari hugmynd sóknaraðila að skaðleysistryggingu af hálfu Landsbankans fólst umtalsverð breyting frá upprunalegu tilboði, þar sem einungis var gert ráð fyrir að varnaraðili myndi tryggja sóknaraðila skaðleysi, þó að enginn þeirra sem kom fyrir dóm hafi getað útskýrt í hverju það skaðleysi átti að felast, en forsvarsmönnum sóknaraðila hlaut að hafa verið ljóst við gerð upprunalegs tilboðs að lítið hald væri í skaðleysisyfirlýsingu varnaraðila eins, enda var þeim kunnugt um bága stöðu þrotabúsins. Af skýrslugjöf fyrir dómi mátti ráða að forsvarsmenn sóknaraðila hafi gert ráð fyrir að Landsbankinn myndi koma að skaðleysinu. Þrátt fyrir að sóknaraðili hafi ekki lýst því afdráttarlaust yfir á þessu tímamarki þá rennir það sem rakið er hér að framan stöðum undir framburð Magnúsar Magnússonar um að sóknaraðili hafi litið svo á að hann væri ekki bundinn af upprunalegu tilboði.

- 60 Hvað sem framangreindu líður, liggur fyrir að það var skilningur bæði Landsbankans og sóknaraðila að viðskiptin væru að sigla í strand vegna kyrrsetningarinnar. Jón Ólafsson tilkynnti skiptastjóra varnaraðila um þessi málalok, en skiptastjóri hafði ekki komið að framangreindum viðræðum. Skiptastjóri brást við með því að leita lausnar með samtali við Gunnlaug Ævarsson, þar sem einkum var rætt um lækkun kaupverðs eða frestun kaupsamningsgreiðslna, án árangurs. Fjórum dögum síðar, 11. mars 2019, sendi Jón Ólafsson yfirlýsingu fyrir hönd sóknaraðila þar sem því var lýst yfir að þar sem sóknaraðili hefði ekki enn beina aðkomu að rekstri skipsins myndu forsvarsmenn sóknaraðila segja sig frá stjórnunarstöðum við skipið fyrir lok þess dags og afturkalla þannig allar ábyrgðir sem tilgreindar væru í skírteini fyrir skipið. Við afsögn þeirra yrði

það á ábyrgð skiptastjóra og *Landsbanka Íslands* að taka við ábyrgðum á áhöfn skipsins. Þessu fylgdu þeir eftir með tilkynningu til allra viðkomandi eftirlitsaðila daginn eftir, þar sem þeir lýstu efasemdum sínum um að skipið uppfyllti skilyrði til að teljast haffært og hvöttu alla viðeigandi aðila til að rannsaka hver fyrir sig hvort skipið uppfyllti haffæriskröfur. Jafnframt var því lýst yfir að skipið væri enn í eigu og á ábyrgð varnaraðila. Þessar aðgerðir sóknaraðila, þremur dögum fyrir 15. mars 2019, sem var tilgreindur lokadagur til undirritunar kaupsamnings um skipið, bera ekki með sér að sóknaraðili hafi á þessum tíma unnið að því að kaupin gengju eftir í samræmi við kautilboðið. Verður að skilja aðgerð sóknaraðila á þann veg að með henni hafi hann freistað þess að þvinga Landsbankann til aðildar að skaðleysi vegna samningsins, en forsvarsmenn sóknaraðila virðast hafa litið svo á að Landsbankinn bæri ábyrgð á rekstri skipsins með varnaraðila.

- 61 Að mati dómsins virðist sóknaraðili hafa litið svo á, að án aðkomu Landsbankans væru viðskiptin runnin út í sandinn. Engin gögn liggja fyrir í málinu um að sóknaraðili hafi eftir að skipið var kyrrsett 1. mars 2019 gengið eftir því við skiptastjóra að afla samþykkis Slippsins ehf. sem veðhafa. Þá liggur ekkert fyrir í málinu um að forsvarsmenn sóknaraðila hafi eftir viðræðurnar við Landsbankann lýst því yfir gagnvart skiptastjóra að þeir vildu engu að síður standa við upphaflega kautilboðið. Fallast verður á það með skiptastjóra að honum hafi verið rétt að líta svo á við þessar aðstæður að forsvarsmenn sóknaraðila hefðu ekki hug á að standa við upphaflegt kautilboð. Fyrir liggur að skiptastjóri átti á þessum tíma samtöl við forsvarsmenn sóknaraðila, þar sem skiptastjóri leitaði lausna til að láta kaupin ganga eftir, án árangurs. Skiptastjóri hafði enga yfirlýsingu gefið um að varnaraðili hygðist ekki standa við kautilboðið fyrir sitt leyti og Landsbankinn hf. hafði sannarlega ekkert umboð til að lýsa slíku yfir fyrir hönd skiptastjóra. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um að sóknaraðili sjálfur hafi leitað efnda gagnvart varnaraðila, né að hann hafi boðið efndir af sinni hálfu, eftir 1. mars 2019, enda hefur sóknaraðili ekki haldið því fram í málinu. Hafi sóknaraðili talið bindandi kaupsamning liggja fyrir á þessum tíma, sem hugur hans stóð til að standa við, hefði honum verið rétt að krefja varnaraðila um efndir og bjóða jafnframt efndir af sinni hálfu. Tölvupóstur þáverandi lögmanns sóknaraðila til skiptastjóra varnaraðila tæpum þremur mánuðum síðar, 29. maí 2019, þar sem því er lýst yfir að lögmaðurinn telji sig sjá í málinu að bindandi kaupsamningur hafi komist á og að það sé réttmæt ætlan sóknaraðila að hann eigi tilkall til skipsins á grundvelli hins samþykkta kautilboðs, breytir ekki framangreindu, enda svaraði sóknaraðili ekki fyrirspurn skiptastjóra varnaraðila 30. maí 2019, um það hvort skilja bæri erindið þannig að sóknaraðili væri að bjóða fram efndir af sinni hálfu á kautilboði sínu. Er því ekki unnt að líta svo á að skiptastjóri hafi brugðist skyldum sínum gagnvart varnaraðila með því að boða ekki framkvæmdastjóra Slippsins ehf. á fund eftir að kaupin komust í uppnám í kjölfar kyrrsetningar skipsins 1. mars 2019, í því skyni að afla samþykkis hans fyrir sölu skipsins sem ófullnægðs veðhafa. Þar sem slíkt samþykki lá ekki fyrir verður að fallast á það með varnaraðila að skuldbindandi kaupsamningur hafi ekki komist á, enda er skilyrði 129. gr. laga nr. 21/1991 fortakslaust. Samkvæmt öllu framansögðu ber að sýkna varnaraðila af aðalkröfu sóknaraðila.

- 62 *Varakrafa* sóknaraðila byggir eins og áður segir á því að verði aðalkröfu hans hafnað, beri að líta á vinnu eigenda sóknaraðila í þágu skipsins Neptune á tímabilinu 17. febrúar til 15. mars 2019, sem vinnuframlag í þágu varnaraðila, sem greiða beri sóknaraðila fyrir. Að beiðni skiptastjóra hafi Jón Ólafsson unnið að ýmsum verkefnum við rekstur skipsins fyrir þrotabú varnaraðila á tímabilinu 10. janúar til 17. febrúar 2019. Skiptastjóri hafi þegar samþykkt greiðslu til hans vegna þeirrar vinnu. Frá þeim tíma hafi Jón hins vegar unnið í þágu varnaraðila í nafni sóknaraðila. Vinna Gunnlaugs og Hrafns í þágu skipsins hafi hafist með setu á fundi, þar sem rætt var við veðhafana Landsbankann hf. og Slippinn ehf. um fyrirhugaða sölu skipsins til sóknaraðila og þau verkefni sem þurfti að leysa til að halda skipinu sjófæru. Á fundinum hafi tekist samkomulag milli þremmenninganna og Landsbankans hf. þess efnis að þremmenningarnir tækju við skipinu og starfræktu það sem sitt eigið til að bjarga haffæriskírteinum frá falli og þannig varna því að skipið yrði stöðvað án skírteina í Bandaríkjunum. Í kjölfarið hafi kauptilboð um skipið verið samþykkt.
- 63 Dómurinn hefur þegar hafnað því hér að framan að sóknaraðili hafi sýnt fram á að honum hafi verið afhent skipið til eignar við undirritun kauptilboðsins. Þá hefur sóknaraðili hvorki sýnt fram á að Landsbankinn hf. hafi falið honum þetta hlutverk, né heldur að Landsbankinn hf. hafi haft umboð frá skiptastjóra til að ráða menn til starfa við skipið. Sóknaraðili hefur ekki lagt fram ráðningarsamninga, verksamninga né nokkur önnur gögn því til stuðnings að skiptastjóri varnaraðila hafi ráðið sóknaraðila til að sinna verkefnum við skipið fyrir hönd búsins. Ekki verður dregið í efa að forsvarsmenn sóknaraðila lögðu í umtalsverða vinnu í tengslum við skipið á umræddu tímabili. Gegn eindreginni neitun skiptastjóra er hins vegar ekki hægt að fallast á það án frekari gagna, að vinnan hafi verið unnin í þágu búsins með vitund og vilja skiptastjóra. Fram hefur komið að allir framangreindir aðilar höfðu starfað við rekstur skipsins áður en kauptilboðið var gert. Einnig kom fram af þeirra hálfu fyrir dómi að þeir höfðu að mestu leyti fengið greitt fyrir þá vinnu. Jón Ólafsson hafði tekið að sér að annast rekstur skipsins fyrir skiptastjóra, þ.m.t. annast mál er tengdust því að halda skipinu haffæru, enda hafði hann til þess yfirburða þekkingu, en skiptastjóri enga. Jón var einnig í svokölluðu skipstjórnarteymi (vessel management) á þessum tíma. Skiptastjóri hafði ekkert tilefni til að líta svo á að þremmenningarnir teldu sig á þessu tímamarki vera að starfa við rekstur skipsins í umboði og á kostnað þrotabúsins. Engin tilkynning hafði borist frá Jóni um að hann væri hættur störfum við skipið í þágu þrotabúsins og farinn að starfa fyrir hönd sóknaraðila við sömu verkefni og hann hafði áður sinnt fyrir skiptastjóra. Ekkert liggur heldur fyrir um að skiptastjóri hafi fengið upplýsingar um störf Gunnlaugs og Hrafns á þessum tíma. Þá var í gildi samningur við leigutaka skipsins EGS um að hann greiddi allan kostnað við rekstur þess, þ.m.t. launagreiðslur. Skiptastjóri annaðist því ekki starfsmannahald við skipið. Verður að fallast á með varnaraðila að engin þörf hafi verið á að varnaraðili réði fyrirvarsmenn sóknaraðila til að sjá um rekstur skipsins eða yfir höfuð hafa afskipti af rekstrinum. Í samræmi við yfirlýsingar forsvarsmanna sóknaraðila sjálfra verður að líta svo á að þeir hafi innt þessi verkefni af hendi sem *væntir* nýir eigendur að skipinu. Þeir litu svo á að þeir hafi tekið við rekstri skipsins í nafni

sóknaraðila, sem væntanlegs nýs eiganda. Fær sá málatilbúnaður ekki samrýmst því að þeir hafi starfað að rekstri skipsins samkvæmt samkomulagi við skiptastjóra. Er hér einnig litið til þess að tekjur af rekstri skipsins frá 6. janúar 2019 áttu að ganga til sóknaraðila samkvæmt tilboðinu. Varnaraðili hafði því enga hagsmuni af vinnu sóknaraðila við að tryggja haffæri skipsins á því tímamarki sem um ræðir. Loks er til þess að líta að hvorki þremmeningarnir sjálfir né sóknaraðili fyrir þeirra hönd gerðu varnaraðila reikning fyrir meinta vinnu í þágu búðsins, né sendu honum nokkur yfirlit yfir þessi störf. Það var fyrst með kröfulýsingu 22. október 2019 sem skilyrt krafa um greiðslu fyrir umrædda vinnu barst, en þá voru liðnir 7 mánuðir frá því henni lauk. Ber það ekki með sér að sóknaraðili hafi litið svo á að þremmeningarnir hafi verið ráðnir til starfa fyrir varnaraðila við umrætt verkefni. Er samkvæmt framansögðu ekki unnt að fallast á að skiptastjóri hafi með athöfnum eða athafnaleysi ráðið þremmeningana til starfa fyrir þrotabúið.

- 64 Sóknaraðili byggir varakröfu sína í annan stað á sjónarmiðum um óbeðinn erindisrekstur. Að mati dómsins hefur sóknaraðili ekki sýnt fram á að fyrir hendi hafi verið skilyrði óbeðins erindisrekstrar um að hann hafi verið að forða yfirvofandi hættu á tjóni á hagsmunum varnaraðila sem varnaraðili hafi sjálfur ekki getað afstýrt. Í fyrsta lagi hefur sóknaraðili lýst því yfir að hann hafi talið sig vera að vinna í eigin þágu við rekstur skipsins á umræddum tíma, en ekki í þágu varnaraðila. Sóknaraðili getur ekki eftir á klætt þá vinnu í búning óbeðins erindisrekstrar fyrir varnaraðila. Í öðru lagi átti að afhenda skipið í því ástandi sem það var í samkvæmt kauptilboðinu, en forsvarsmenn sóknaraðila gjörþekktu ástand skipsins. Að sama skapi áttu tekjur af skipinu frá 6. janúar 2019 að renna til sóknaraðila eins og rakið er að framan. Varnaraðili hafði því ekki hagsmuni af því að unnið væri að haffæri skipsins. Í þriðja lagi hafði leigutaki skipsins heimild til að gera þær ráðstafanir sem voru nauðsynlegar til að halda skipinu í rekstri út leigutímann. Samkvæmt framansögðu verður ekki fallist á að sóknaraðili geti reist kröfu sína á sjónarmiðum um óbeðinn erindisrekstur.
- 65 Loks teflir sóknaraðili fram sjónarmiðum um óréttmæta auðgun. Eins og rakið var að framan var sóknaraðili að vinna að eigin hagsmunum, en ekki hagsmunum varnaraðila með vinnu sinni við skipið á umræddum tíma. Sóknaraðili vann að því að eignast skipið og gerði ráð fyrir að hagnast ríkulega á viðskiptunum, gengju þau eftir. Það að sú áætlun hafi ekki gengið eftir, getur ekki leitt til þess að hann geti síðar kafið varnaraðila um greiðslu fyrir vinnuna á grundvelli sjónarmiða um óréttmæta auðgun. Í ólögfestum reglum um óréttmæta auðgun felst heldur ekki að menn geti óumbeðnir unnið verk í þágu annarra og kafið þá um greiðslu á grundvelli þess að þeir hefðu hvort eð er þurft að fá einhvern annan til verksins. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á að atvik séu með öðrum hætti í þessu máli. Þá liggur heldur ekkert fyrir í málinu um að varnaraðili hafi auðgast af störfum forsvarsmanna sóknaraðila, en upplýst hefur verið að skipið var selt að lokum í júní 2020 til fyrirtækis á Marshall eyjum fyrir 1 Bandaríkjadal.
- 66 Með vísan til framangreinds verður varnaraðili einnig sýknaður af varakröfu sóknaraðila í málinu.

67 Eftir niðurstöðu málsins verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn með hliðsjón af atvikum öllum eins og nánar er kveðið á um í dómsorði.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Sveinbjörn Claessen lögmaður og af hálfu varnaraðila Árni Pálsson lögmaður.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 10. júní sl. og hafði engin afskipti haft af málinu fyrir þann dag.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, Neptune ehf., er sýknaður af kröfum sóknaraðila, MVN ehf.

Sóknaraðili greiði varnaraðila krónur 1.200.000 í málskostnað.